

REGLUGJÖRÐ

um

skoðun bifreiða.

4
1. febr

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið löggildir fyrst um sinn skoðunarmenn bifreiða í þessum 2 umdæmum:

1. *Suðurlandsumdæmi*, sem nær yfir Reykjavík, Hafnarfjörð, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu.
2. *Eyjafjarðarumdæmi*, sem nær yfir Eyjafjarðarsýslu og Akureyri.

Annarsstaðar á landinu annast lögreglustjórar um að láta fara fram skoðun bifreiða.

2. gr.

Skoðunarmanni er skylt öðru hverju og ekki sjaldnar en einu sinni á ársfjórðungi hverjum, að skoða allar bifreiðar í umdæminu og athuga ökuskírteini bifreiðarstjóra.

Slík skoðun skal og framkvæmd svo fljótt sem því verður við komið jafnan er lögreglustjóri leggur svo fyrir.

Sjerstaklega skal leggja áherslu á að skoða rækilega og oft allar leigubifreiðar til mannflutninga.

Skoðunarovottorð bifreiðarinnar skal geymt í bifreiðinni og áritar skoðunarmaður það eftir hverja skoðun. Í skoðunarovottorði skal ákveða, hversu margir farþegar megi vera í bifreið til mannflutninga og skal sjerstaklega tekið fram hve margir farþegar megi sitja í framsæti bæði fólks- og vörubifreiðar við hlið bifreiðarstjóra. Þegar bifreið fær nýtt skoðunarovottorð, skal eldra vottorð afhent skoðunarmanni, en hann afhendir hlutaðeigandi lögreglustjóra öll slík vottorð í byrjun hvers árs.

Skoðunarmanni er heimilt að skoða bifreið hvar sem er og hvenær dags sem er, og skal umráðamanni bifreiðar skylt að setja vjel bifreiðarinnar í gang og aka bifreiðinni eftir fyrirlagi skoðunarmanns og yfirleitt að gjöra honum starfið greitt, þar á meðal, er skoðunarmaður krefst þess, að koma með bifreið sína til skoðunar á tilteknum tíma á ákveðinn stað í kaupstað þeim eða kaupúni, sem bifreiðin á heima í.

3. gr.

Við skoðun bifreiða, skal sjerstaklega aðgæta þá hluti bifreiðarinnar, sem mestri hættu geta valdið ef bila. Skal því sjerstaklega rannsaka stýrisumbúnað allan, festing framhjóla á öxul og að auðvelt sje

4 að snúa framhjólnum svo langt sem þarf. Ennfremur hemlana og um-
1. febr. búnað til þess að þeim verði beitt örugt og viðstöðulaust. Ennfremur skal
gæta þess, að handföng öll til þess að stjórna bifreiðinni sjeu þannig
sett, að ekki sje hætt við mistökum og að bifreiðarstjóri eigi greiðan
aðgang að þeim. Einnig að bensíngeymir sje þjettur og sömuleiðis pípur
allar frá honum, tengistykki og aftöppunarhanar, að umbúnaði þessum
öllum sje þannig fyrir komið, að ekki sje hætt við íkveikju eða spreng-
ingu. Gæta skal þess, að á vagninum sjeu ljósker þau, sem fyrir er
mælt, og að þau sjeu í lagi, svo og horn til þess að gefa með hljóðmerki.

Það skal aðgætt, að hvergi sje verulegt slit í stýrisumbúnaði,
hemlum eða fjaðraboltum, að allar tengistengur sjeu í góðu lagi, að öll
hjól sjeu vel föst og rjett og hvergi sjeu þær skemdir, bognun á stöng-
um, slit eða þ. h. að hætta sje búin þeim, sem notar bifreiðina, eða
almennri umferð.

4. gr.

Á vörubifreiðum skal þess gætt, að vörupallurinn nái ekki lengra
aftur en svo, að miðja hans komi ekki aftur fyrir afturöxul. Á vöru-
bifreiðum, sem ætlaðar eru til fólksflutninga að einhverju eða öllu
leyti, skal sjerstaklega aðgæta, hvort sætin og byrgið um þau sje
traust og tryggilega fest á vagngrindina. Einnig skal þess gætt að sætin,
byrgið um þau, eða vörupallur aftan við það nái ekki svo langt aftur,
að nokkur hætta geti verið á að hlutfallslega of mikill þungi komi fyrir
aftan afturöxul.

Ef farþegasæti eru í lokuðu byrgi, skulu vera útgöngudyr á báð-
um hliðum bifreiðar eða aðrar á hlið, en hinar aftan á bifreiðinni.

5. gr.

Komi það í ljós við skoðun bifreiðar, að hún fullnægi ekki ákvæð-
um laga um bifreiðar eða reglugjörða, sem settar verða samkvæmt þeim
lögum, skal skoðunarmaður leggja fyrir eiganda eða umráðamann bif-
reiðarinnar, að úr því verði bætt innan ákveðins frests. Verði ekki úr
bætt að fyrirlagi skoðunarmanns eða þyki honum verulegt ólag eða
gallar á bifreiðinni, þá skal hann þegar kæra eiganda bifreiðarinnar
fyrir lögreglustjóra í umdæmi því, þar sem bifreiðin er skrásett. Skal
dagsetning kæru skrifuð í skoðunarovottorð bifreiðar og er óheimilt að
nota bifreiðina fyr en skoðunarmaður hefir ritað á vottorðið, að úr hafi
verið bætt.

6. gr.

Skoðunarmaður hefir eftirlit með að ákvæði bifreiðalaganna sjeu
ekki brotin, og er skylt að kæra slík brot þegar í stað fyrir hlutaðeig-
andi lögreglustjóra.

7. gr.

4

1. febr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 10 kr. árlegt gjald til lögreglustjóra, þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skrásett. Gjald þetta greiðist í sama gjalddaga og miðast við sama gjaldár sem bifreiðarskatturinn.

Hafi bifreið eða bifhjól aðeins verið skrásett hluta úr gjaldárinu, þá skal gjaldið þeim mun lægra, að það verði kr. 2.50 fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 200 kr. nema þyngri hegning liggi við eftir lögum, og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 23, 31. maí 1927 um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926 um notkun bifreiða, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. febrúar 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.